



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

AÐALFUNDUR
2021



Dagskrá aðalfundarins


1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi á liðnu starfsári.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir árið 2020.
4. Kjör stjórnar og varastjórnar.
5. Tillögur að breytingum á samþykktum samtakanna.
 - Starfsreglur uppstillingarnefndar
6. Kjör löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
7. Ákvörðun þóknunar stjórnar.
8. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.
9. Ákvörðun um árgjald til samtakanna.
10. Önnur mál.



SKÝRSLA STJÓRNAR


- Guðrún Hafsteinsdóttir

Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða



* Áætluð ávöxtun fyrir árið 2020
Heimild: Seðlabanki Íslands


Eignir lífeyrissjóða



* Eignir lífeyrissjóða, raunvirtar á verðlagi des. 2020.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Mannfjöldapýramídi

2021 og 2066 (áætlun)



Lykiltölur lífeyrissjóðakerfisins

Eignir og ávöxtun við árslok 2020

Eignir lífeyrissjóða við árslok 2020:
5.715 ma.kr.



Raunávöxtun lífeyrissjóða árið 2020:
9,4%



Lykiltölur lífeyrissjóða við árslok 2019

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga:
223.772



Fjöldi lífeyrisþega (67+):
45.604



Iðgjöld ársins:
265 ma.kr.



Lífeyrir ársins:
164 ma.kr.






SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA ÁRSREIKNINGUR 2020

- Þórey S. Þórðardóttir

Viðhorfskönnun apríl - maí 2021

3. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til íslensku lífeyrissjóðanna?



Rekstrarreikningur 2020

Helstu stærðir	Milljónir króna
Rekstrartekjur	130,0
Fjármunatekjur o.fl.	0,9
<u>Rekstrarkostnaður</u>	<u>122,6</u>
(Tap) hagnaður ársins	8,3

Efnahagsreikningur 2020

Eignir: Milljónir króna

Hlutabréfaeign 0,7

Handbært fé 111,4

Eignir samtals 112,1

Efnahagsreikningur 2020

Eigið fé og skuldir: milljónir króna

Eigið fé	96,7
----------	------

<u>Ýmsar skammtímaskuldir</u>	<u>15,4</u>
-------------------------------	-------------

Skuldir og eigið fé samtals:	112,1
------------------------------	-------

Sjóðstreymisyfirlit 2020

Helstu stærðir	Þús. kr.
Veltufé til rekstrar	8.321
Handbært fé til reksturs	8.510
Hækkun á handbæru fé	8.510
Handbært fé í árslok	111.394



ÁRSREIKNINGUR 2020

- Þórey S. Þórðardóttir

ATKVÆÐAGREIÐSLA 1 – 1 *mínúta*

Samþykkir þú ársreikning LL fyrir árið 2020?



KJÖR STJÓRNAR OG VARASTJÓRNAR

Stjórn LL 2020-2021

Stjórn LL 2020 - 2021												
Tími		Lífeyrissjóður	Ólíkir sjóðir			Landssvæði		Hópur			Kyn	
	Aðalmenn		Opinberir	Almennir	Frjálsir	Landsb.	HBS	Launþegi	Launagr.	Framkv.stj.	Karl	Kona
1	Arnaldur Loftsson	Frjálsa lífeyrissjóðnum			1		1			1	1	
1	Halldóra Káradóttir	Brú lífeyrissjóði	1				1		1			1
1	Valmundur Valmundsson	Lífeyrissjóði Vestmannaeyja		1			1	1			1	
2	Guðrún Hafsteinsdóttir	Lífeyrissjóði verzlunarmanna		1		1			1			1
2	Harpa Jónsdóttir	LSR	1				1			1		1
2	Ingibjörg Ólafsdóttir	Gildi-lífeyrissjóði		1			1	1				1
3	Erla Jónsdóttir	Stapa lífeyrissjóði		1		1			1			1
3	Gylfi Jónasson	Festu lífeyrissjóði		1		1				1	1	
3	Hilmar Harðarson	Birtu lífeyrissjóði		1			1	1			1	
			2	6	1	3	6	3	3	3	4	5
	Varamenn											
1	Sigurbjörn Sigurbjörnsson	SL lífeyrissjóði		1			1			1	1	
2	Hulda Rós Rúriksdóttir	Almenna lífeyrissjóðnum			1		1		1			1
3	Erla Ósk Ásgeirsdóttir	Íslenska lífeyrissjóðnum			1		1	1				1
			0	1	2	0	3	1	1	1	1	2

Uppstillingarnefnd, 7. gr.

Úr samþykktum:

- Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara sem kjörnir eru á aðalfundi samtakanna til þriggja ára í senn. Árlega skal kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann.
- Uppstillingarnefnd skal starfrækt sem hefur það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar að skipan stjórnar. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar til þriggja ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.
- Skal uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Skal tillagan liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

Nefndin er svo skipuð til ársins 2021: Drífa Snædal, ASÍ, Magnús Már Guðmundsson, samtökum starfsmanna ríkisins og/eða sveitarfélaga, Arnar Sigurmundsson, SA, Guðrún Ögmundsdóttir, launagreiðendum ríkisins og/eða sveitarfélaga og Ásdís Eva Hannesdóttir, frá sjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign

Skipunartími rennur út:

- Arnaldar Loftssonar, Frjálsa lífeyrissjóðnum
- Halldóru Káradóttur, Brú lífeyrissjóði
- Valmundar Valmundssonar, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

Skipunartími varamanns rennur út:

- Sigurbjörns Sigurbjörnssonar, SL lífeyrissjóði

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR ER ENDURKJÖR TIL NÆSTU 3JA ÁRA

ATKVÆÐAGREIÐSLA 2 - *1 mínúta.*

Samþykkir þú tillögu uppstillingarnefndar um aðalmenn í stjórn LL til þriggja ára?

ATKVÆÐAGREIÐSLA 3 - *1 mínúta.*

Samþykkir þú tillögu uppstillingarnefndar um kjör varamanns í stjórn LL til þriggja ára?



SAMÞYKKTARBREYTINGAR

- Þórey S. Þórðardóttir

Skipan stjórnarmanna

- Ábendingar - lítill sveigjanleiki við tilnefningu stjórnarmanna
- Vakin var athygli á málinu á aðalfundi árið 2020
- Leitað var til Áslaugar Árnadóttur hrl.
- Skilaði álitsgerð, 26. febrúar sl. ásamt drögum að starfsreglum uppstillingarnefndar

„Auðveldara er að ná markmiði um fjölbreytileika ef fleiri stjórnarmenn eru í kjöri í hvert skipti. Ef fáir eru í kjöri getur komið upp sú staða að nýr stjórnarmaður þurfi að uppfylla öll þau sömu skilyrði og sá sem vísur úr stjórn og getur reynst erfitt að finna aðila sem uppfyllir þau skilyrði. Ef fleiri stjórnarmenn eru kjörnir í einu eykst svigrúmið. Í samræmi við þetta er lagt til að ákvæðum samþykkta samtakanna verði breytt þannig að stjórnarmenn verði kjörnir til tveggja ára í senn, í stað þriggja ára. Yrðu þá fjórir stjórnarmenn og einn varamaður kjörnir annað hvort ár og fimm stjórnarmenn og tveir varamenn hitt árið. Einnig er lagt til að uppstillinganefnd, sem starfar á grundvelli 7. gr. gildandi samþykkta, verði settar sérstakar starfsreglur.“

7. gr. Stjórn

Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara sem kjörnir eru á aðalfundi samtakanna til þriggja ára í senn. Árlega skal kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann.

Uppstillingarnefnd skal starfrækt sem hefur það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar að skipan stjórnar. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar til þriggja ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.

Skal uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Skal tillagan liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

Breytingartillaga á 7. gr.

1. mgr. orðast svo:

Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið.

Í stað orðanna „þriggja ára“ í 2. málslíð 2. mgr. kemur: „fjögurra ára.“

Við upphaf 3. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo:

Uppstillingarnefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur sem settar eru af stjórn og staðfestar af aðalfundi.

Lokamálslíður 3. mgr. orðast svo:

Skal rökstudd tillaga uppstillingarnefndar liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

7. gr. með breytingum

Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið.

Uppstillingarnefnd skal starfrækt sem hefur það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar að skipan stjórnar. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar til fjögurra ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduþjalds í séreign.

Uppstillingarnefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur sem settar eru af stjórn og staðfestar af aðalfundi. Skal uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Skal rökstudd tillaga uppstillingarnefndar liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

Breytingartillaga á 8. gr.

Í stað orðanna „þrjú ár“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: „fjögur ár.“

8. gr. *Verkefni stjórnar*

Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn. Stjórnarmaður skal almennt ekki samfelld gegna formennsku eða varaformennsku lengur en **fjögur** ár.

Ákvæði til bráðabirgða við 7. gr.

Kjörtími stjórnar helst og verða því á aðalfundi árið 2022 þrjú aðalmenn og einn varamaður í kjöri til tveggja ára. Á aðalfundi árið 2023 verða í kjöri þrjú aðalmenn og einn varamaður til tveggja ára. Á aðalfundi 2024 verða í kjöri fimm aðalmenn til tveggja ára og einn til eins árs auk tveggja varamanna til tveggja ára.

Ákvæði til bráðabirgða við 7. gr.

	2021	2022	2023	2024	2025
Aðalmenn					
1		2	1	2	1
1		2	1	2	1
1		2	1	2	1
2		1	2	1	2
2		1	2	1	2
2		1	2	1	2
3		2	1	2	1
3		2	1	2	1
3		2	1	1	2
Varamenn					
1		2	1	2	1
2		1	2	1	2
3		2	1	2	1

ATKVÆÐAGREIÐSLA 4 - *1 mínúta.*

Samþykkir þú breytingar á 7. og 8. gr. samþykka LL eins og þær hafa verið kynntar?

ATKVÆÐAGREIÐSLA 5 - *1 mínúta.*

*Samþykkir þú tillögu að bráðabirgðaákvæði við
7. gr. samþykktu LL eins og hún hefur verið
kynnt?*



STARFSREGLUR
UPPSTILLINGARNEFNDAR

- Þórey S. Þórðardóttir

Starfsreglur uppstillingarnefndar

1. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur með skipun uppstillingarnefndar er að vanda sem best undirbúning að kjöri stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða.

Markmið með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að stjórn samtakanna sé þannig samsett að hún endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að samtökunum og að stjórnarmenn búi sameiginlega yfir fullnægjandi og fjölbreyttri þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist samtökunum í þeim verkefnum sem þau vinna að á hverjum tíma.

2. gr.

Skipan uppstillingarnefndar.

Uppstillingarnefnd skal skipuð fimm aðilum til fjögurra ára í senn. Skal nefndin skipuð samkvæmt tilnefningum frá eftirfarandi aðilum:

1. Alþýðusambandi Íslands.
2. Samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga.
3. Samtökum atvinnulífsins.
4. Launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga.
5. Lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.

Ekki má skipa stjórnendur eða starfsmenn samtakanna í uppstillingarnefnd.

Forfallist nefndarmaður skal óska eftir nýrri tilnefningu frá þeim aðila sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Nefndarmenn í uppstillingarnefnd skulu sameiginlega hafa þekkingu og reynslu á:

1. Góðum stjórnarháttum og skyldum stjórnarmanna.
2. Hlutverki og starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða.
3. Mati á einstaklingum með hliðsjón af hæfniviðmiðum.

Skal hver nefndarmaður uppfylla a.m.k. eitt af framangreindum viðmiðum.

Nefndarmenn skulu vera af báðum kynjum.

3. gr.

Skyldur og verkefni.

Uppstillingarnefnd undirbýr og veitir ráðgjöf við val á stjórnarmönnum samtakanna. Skal nefndin hafa heildarhagsmuni samtakanna og aðila þeirra að leiðarljósi í störfum sínum. Nefndin skal koma saman eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir aðalfund samtakanna. Á hvert skal nefndin funda með framkvæmdastjóra og fulltrúum stjórnar í því skyni að afla upplýsinga um samtökin, starf stjórnar síðastliðið starfsár og ætlaðar áherslur í starfi samtakanna á næstunni.

Þá skal nefndin meta samsetningu núverandi stjórnar samtakanna og setja fram rökstutt mat á því hvaða bakgrunn, reynslu eða hæfni er æskilegt að nýir stjórnarmenn hafi. Nefndin skal gera rökstudda tillögu til stjórnar um kosningu stjórnarmanna með hliðsjón af markmiðum varðandi samsetningu stjórnar, sbr. 4. gr., og í ljósi hæfni, reynslu og þekkingar hlutaðeigandi frambjóðenda. Tillaga nefndarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

4. gr.

Markmið varðandi samsetningu stjórnar.

Við tillögugerð sína skal uppstillingarnefnd hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu tillögur nefndarinnar miða að því að í stjórn samtakanna sitji fulltrúar úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Þá skal stefnt að því að kynjahlutföll í stjórninni séu sem jöfnust.

Einnig skal uppstillinganefnd hafa í huga að mikilvægt er að samfella verði í starfi samtakanna og stuðla að því að þekking haldist innan stjórnar.

5. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Tryggja skal að uppstillingarnefnd hafi aðgang að þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að nefndin geti sinnt hlutverki sínu. Þannig skal nefndinni heimilt að óska eftir upplýsingum frá stjórnarmönnum og taka viðtöl við þá. Ef nefndin telur nauðsynlegt að fá gögn eða upplýsingar frá samtökunum skal hún koma beiðni um það til framkvæmdastjóra.

6. gr.

Trúnaður.

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um störf sín fyrir nefndina og allar þær upplýsingar sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnar- og trúnaðarskylda helst eftir að nefndarmenn láta af störfum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA 6 - *1 mínúta.*

Staðfestir þú starfsreglur uppstillingarnefndar LL sem stjórn LL hefur samþykkt?



KJÖR ENDURSKOÐUNARFYRIRTÆKIS

Tillaga um endurskoðunarfélag

KPMG Endurskoðun ehf. sem endurskoðunarfélag
samtakanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA 7 - 1 mínúta.

Samþykkir þú að KPMG Endurskoðun ehf. verði endurskoðunarfélag LL árið 2021?



ÞÓKNUN STJÓRNAR

Tillaga um þóknun stjórnar

- Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkir að þóknun til hvers stjórnarmanns skuli vera 103.500 kr. á mánuði, að þóknun varaformanns stjórnar verði 155.250 kr. á mánuði og þóknun til formanns stjórnar verði 207.000 kr. á mánuði.
- Þóknun til varamanna í stjórn verði 51.750 kr. fyrir hvern setinn fund.
- Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkir að formenn fastanefnda samtakanna fái greidda þóknun sem þeir séu aðalmenn í stjórn, 103.500 kr. á mánuði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA 8 - 1 mínúta.

Samþykkir þú að þóknun aðalmanna verði kr. 103.500, varaformanns, kr. 155.250 og formanns stjórnar verði kr. 207.000 á mánuði og þóknun varamanna fyrir hvern setinn fund verði kr. 51.750 starfsárið 2021-2022?

ATKVÆÐAGREIÐSLA 9 - 1 mínúta

Samþykkir þú að þóknun formanna fastanefnda verði kr. 103.500 á mánuði sem er sama þóknun og væru þeir aðalmenn í stjórn LL?



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

Fjárhagsáætlun 2021

Helstu stærðir	Milljónir
Laun og launatengd gjöld	103,7
Aðkeypt þjónusta	9,9
<u>Annar rekstrarkostnaður</u>	<u>55,6</u>
Samtals rekstrargjöld	169,2
Árgjald og vaxtatekjur	131,0
Mismunur	-38,2



ÁKVÖRÐUN UM ÁRGJALD

Tillaga um árgjald

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkir að árgjald LL fyrir árið 2021 verði að teknu tilliti til fjárhagáætlunar 130.000.000 kr. Þar af fast gjald á hvern aðildarsjóð 325.000 kr.

Tillaga um árgjald

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkir að árgjald LL fyrir árið 2021 verði að teknu tilliti til fjárhagáætlunar 130.000.000 kr. Þar af fast gjald á hvern aðildarsjóð 325.000 kr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA 10 - 1 mínúta

Samþykkir þú tillögu um árgjald LL árið 2021, kr. 130.000.000 og þar af fast gjald á hvern aðildarsjóð kr. 325.000?



ÖNNUR MÁL



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

AÐALFUNDUR
2021

